



FUNDARGERÐ

149. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Mánudaginn 28. maí 2018 kl. 16.00 á Innrimel 3, Melahverfi.

Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður
Eyþór Garðarsson (EG), varaformaður
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Sigrún Guðmundsdóttir (SG)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)
Trausti Gylfason (TG)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður bauð fundarmenn velkomna til fundarins og var síðan gengið til dagskrár.

1. Ráðning sumarstarfsmanns frá 13. júní n.k.

Framkvæmdastjóri greindi frá ráðningu Guððísar Jónsdóttur.

2. Urðun á lóð Loftorku Borgarnesi ehf. við Engjaás.

Framkvæmdastjóri greindi frá ólöglegri urðun á lóðinni og bréfi sem fyrirtækinu var sent þann 23. apríl þar sem bent var á þvingunaraðgerðir sem yrði beitt gegn fyrirtækinu. Samrit af bréfi sent skrifstofu Borgarbyggðar þar beðið var um samstarfsfund. Ekkert svar hefur borist frá Borgarbyggð vegna málsins.

Framkvæmdastjóra falið að ítreka beiðni um fund vegna málsins.

3. Starfsleyfi fyrir vatnsveitu frístundasvæðis í landi Hvamms, Skorradal.

Samþykkt var á síðasta fundi að starfsleyfi fyrir ofangreinda vatnsveitu yrði yfirfært á nýjan rekstraraðili. Nú hefur komið í ljós að fyrri rekstraraðili og eigandi vatnsbóls er ekki sáttur við þá ákvörðun. Lagt fram bréf HeV til aðila málsins frá 18. maí s.l.

Lagt fram.

4. Starfsleyfi.

Iceland Exclusive Travels ehf, Kolflöt 8, Kolstaðir Hvítársíðu, Borgarbyggð.

Gististaður– Nýtt

Steindórsstaðir, Reykholtstal, Borgarbyggð. Gististaður. – Endurnýjun.

Olíuverslun Íslands, Brúartorg 8 Borgarnesi. Veitingastaður. – Endurnýjun.

Skeljungur hf. Hafnarbraut 3a, Akranesi. Olíubirgðageymir.- Nýr rekstraraðili.

Gamla Rifs kaffistofu ehf. Gilbakki kaffihús, Höskuldarbraut Hellissandi. - Nýtt

Kría Cottage, Varmabrekku 2, í landi Ytri Skeljabrekku, Borgarbyggð. Gististaður. –

Endurnýjun.

N1 hf, Brúartorg 1, Borgarnesi. Veitingastaður. – *Endurnýjun*.
 Fitjar Skorradal, framleiðsla og vinnsla villts silungs úr Skorradalsvatni -Gefið út til 4 ára.- *Nýtt*.
 Hótel Laxárbakki, Laxárbakka, Hvalfjarðarsveit. Veitingar og gisting. – *Nýtt*
 Stykkishólmur Slowly, Aðalgötu 20, Stykkishólmi. – Kaffihús. – Gefið út til 4 ára. - *Nýtt*.
 Sker restaurant ehf, Ólafsbraut 19, Ólafsvík. Veitingar. – *Nýtt*.
 Ljómalind ehf, Brúartorgi 4 Borgarnesi. – Sölumarkaður matvæla - *Endurnýjun*
 Ljósvirki ehf, förgun á asbest plötum úr Andakílsárvirkjun (ON). – *Tímabundið leyfi*.
 Fura ehf, niðurrif olúgeyma Breiðargötu 1, Akranesi. *Tímabundið leyfi* 15.maí til 1. júní 2018.
 Rjúkandi ehf, Vegamótum Eyja-og Miklaholtshreppi. Veitingar og gisting. - *Nýtt*
 Hótel Stundarfriður, Hólum I, Helgafellssveit. – Veitingar og gisting. - *Nýtt*
 Golfklúbburinn Leynir, Garðavelli, Akranesi. Veitingar. *Tímabundið leyfi* 3. maí til 3. október 2018.
 Tjaldsvæði Dalabyggðar, við Vesturbraut Búðardal. - *Endurnýjun*
 Tjaldsvæði Akraneskaupsstaðar, Kalmansvík – *Endurnýjun*.
 Smiðjuloftið ehf, Smiðjuvöllum 17, Akranesi. Tómsunda – og menningarstarfsemi. - *Nýtt*
 Brotajárn og málmar ehf. Flokkun og vinnsla málma á lóð Sementsverksmiðju, Akranesi. -*Tímabundið leyfi*. 11. maí til 1. september 2018.
 Klipphúsið ehf, Færanlegur matarvagn (pylsuvagn) - *Nýtt*
 Dalahestar ehf, Fjósum Dalabyggð. Hestaleiga - *Eigandaskipti*
 Svartagil, Borgarbyggð. Gististaður (2 íbúðir). -*Nýtt*
 Stóri-Kroppi-Setraco ehf., Borgarbyggð. Gististaður. - *Nýtt*.
 Múlastaðir Flókadal, Borgarbyggð. Gististaður.- *Nýtt*.
 Brugghúsið Draugr Kalastöðum, Hvalfjarðarsveit. -*Breytt starfsleyfi*.
 Glanni veitingar ehf. Munaðarnesi, Borgarbyggð. -*Nýtt*.
 Sjóminjasafnið (kaffihús), Hellissandi. -*Nýtt*
 Vogur sveitasetur-Heyá ehf., Dalabyggð. Veitingar og gisting. - *Nýtt*
 Hafkaup Hafnargötu 2, Rifi. Fiskvinnsla - *Nýtt*
 Milli vina gistiheimili ehf. – Hvítarbakki 3, Borgarbyggð. – *Nýtt*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind starfsleyfi.
Bþ vék af fundi við afgreiðslu á þessum lið.

5. Tóbakssöluleyfi. Gildir í 4 ár.

Gistihúsið Langaholt, Snæfellsbæ. 14.05.2018-14.05.2022
 Hverinn, Kleppjárnsreykjum, Borgarbyggð. 16.05.2018-16.05.2022.
 Hönnubúð, Reykholti, Borgabyggð. 30.04.2018-30.04.2022.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind tóbakssöluleyfi.

6. Tóbakssöluundanþága vegna aldurs.

Nettó Borgarnesi fyrir 1 ungmenni. Gildir frá 22. mars til 5. júní n.k. Ábyrgðarmaður er Kristín Ólafsdóttir.
 N1 Skútan Akranesi fyrir 1 ungmenni. Gildir frá 30.maí til 30. nóvember n.k.
 Ábyrgðarmaður María Mist Helgadóttir.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar undanþágur.

7. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi gististaða.

Iceland Exclusive Travels ehf, Kolflöt 8, Kolstaðir Hvítársíðu, Borgarbyggð – *Nýtt Félagsbúið Miðhrauni II, Eyja- og Miklaholtshreppi, 4 íbúðir gisting. – Breytt/viðbót.*
Kría Cottage, Varmabrekku 2, í landi Ytri Skeljabrekku, Borgarbyggð. – *Endurnýjun.*
Vöttur ehf, Hótel Laxárbakka, Laxárbakki Hvalfjarðarsveit, hótel/veitingastaður. – *Nýr rekstraraðili.*

Gististaður (2 íbúðir) Svartagili, Borgarbyggð.- *Nýtt*

Gististaður Stóra-Kroppi-Setraco ehf., Borgarbyggð.- *Endurnýjun*

Gististaður Múlastöðum Flókadal, Borgarbyggð.- *Nýtt*

Hótel Stundarfriður, Hólum I, Helgafellssveit. - *Nýtt*

Rjúkandi ehf, Vegamótum Eyja-og Miklaholtshreppi. – *Endurnýjun.*

Milli vina gistiheimili ehf. – Hvítarbakki 3, Borgarbyggð. – *Nýir rekstraraðilar*

Lagt fram.

8. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitingastaða.

Olíuverslun Íslands, Brúartorg 8 Borgarnesi. – *Endurnýjun.*

N1 hf, Brúartorg 1, Borgarnesi – *Endurnýjun.*

Vöttur ehf, Hótel Laxárbakka, Laxárbakki Hvalfjarðarsveit, hótel/veitingastaður. – *Nýr rekstraraðili.*

Glanni veitingar ehf. Munaðarnesi, Borgarbyggð. *Eigendaskipti*

Vogur sveitasetur-Heyá ehf., Dalabyggð.-*Endurnýjun.*

Rjúkandi ehf, Vegamótum Eyja-og Miklaholtshreppi. – *Endurnýjun.*

Sker restaurant ehf, Ólafsbraut 19, Ólafsvík. – *Nýtt.*

Lagt fram

9. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

- Reiðhöllin Faxaborg Borgarnesi, dansleikur 18. apríl s.l.
- Íþróttamiðstöðin Jaðarsbökkum, Knattspyrnufélag ÍA, Konukvöld ÍA 18. apríl og Herrakvöld ÍA þann 20. apríl s.l
- Vinir Hallarinnar ehf, Söngkeppni Framhaldsskólanna í íþróttahúsinu á Vesturgötu á Akranesi 28. apríl. s.l.

Lagt fram.

10. Aðrar umsagnir

- Umsögn vegna umsóknar um að brenna sinu í landi Skarðs Lundareykjadal send landeiganda.
- Umsögn vegna umsóknar um að brenna sinu í landi Fróðastaða, Hvítársíðu send landeiganda.
- Umsögn um nýtt deiliskipulag fyrir Kirkjufellsfoss í Grundarfirði send bæjarstjóra Grundarfjarðar.
- Umsögn um tillögu að breyttu aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 send byggingarfulltrúa Dalabyggðar.
- Umsögn til Orkustofnunar vegna uppdælingu malar á hafsbotni við Grundarfjörð.
- Umsögn til byggingarfulltrúa Stykkishólms vegna teikninga af Hafnargötu 4.
- Umsögn send til Landlæknis um sölustaði tóbaks á Vesturlandi.

Lagt fram.

11. Sláturhús Vesturlands Brákarey, Borgarnesi. -Úrgangur geymdur á lóð fyrirtækisins.

Sláturúrgangur, illa lyktandi, er í gámi á lóð fyrirtækisins. Forsvarsmaður fyrirtækis hefur ekki svarað eftirlitsskýrslu, dagst. 16. apríl s.l. frá HeV þar sem krafist var úrbóta. Erindinu hefur ekki verið svarað og engar úrbætur hafa átt sér stað.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að afturkalla starfsleyfi Sláturhúss Vesturlands verði eigandi ekki við fyrirmælum fyrir 10. júní n.k.sem sett voru fram í bréfi dagsettu 16. apríl s.l.

12. Önnur mál

a-Olíumengun á lóð iðnaðarhúsnæðis á Akranesi.

Kvörtun kom frá fyrirtæki á Hafnargötu 14 A á Akranesi um að olíubragð væri af neysluvatni. Tekið var sýni af vatninu og sent til rannsóknar og fundust olíuefni í vatninu. Málið var unnið í samvinnu við Veitur ohf. Í ljós kom að jarðvegur utan um vatnsleiðslu var mengaður af olíuefnum. Fyrirtækið hefur nú skipt um jarðveg í kringum vatnsleiðslu.

Lagt fram.

b-Olíumengun á Borgarfjarðarbrú.

Lögð fram skýrsla HeV um málið sem send var Olíudreifingu og lögreglunni á Vesturlandi.

Starfsmenn Olís í Borgarnesi sáu um að hreinsa upp olíu á athafnasvæði fyrirtækisins.

Lagt fram.

c- Olíumengun á Þjóðvegi 1, Borgarfirði.

Framkvæmdastjóri lagði fram gögn um málið sem bárust hálfum mánuði eftir atvikið.

d-Nýir úrskurðir.

Framkvæmdastjóri greindi frá nýjum úrskurðum frá Úrskurðarnefnd umhverfis – og auðlindamála.

- Baðstaðir í náttúrunni (Heilbrigðiseftirlit Suðurlands)
- Tímabundið starfsleyfi til tveggja ára. (Heilbrigðiseftirlit Suðurlands)
- Um starfsleyfi fyrir brennsluofn við sláturhús (Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra)

e- Vorfundur framkvæmdastjóra HES með UST,MAST og ráðuneytum, haldinn á Hótel Kötlu, Höfðabrekku 8. til 9. maí s.l.

Framkvæmdastjóri greindi frá dagskrá fundarins og helstu málum sem sem þar voru rædd.

f- Heimild til að taka bíl á rekstrarleigu yfir sumarmánuði.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir heimild til rekstrarleigu fyrir vinnubíl HeV í sumar.
Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.*

Fundi slitið kl: 17.25